

ans samkvæmt fátækralögum nr. 43/1927. Oddviti Reykjarfjarðarhrepps heldur því fram, að María hafi öðlazi framfærslurétt í Reykjavíkurborgumstað þann 1. janúar 1936 samkvæmt 13. gr. framfærslulaganna, þar sem hún hafi átt lögheimili í Reykjavík þegar hún fór í geðveikrahælið. 31 27. maí

Með því að ráðuneytið telur það gagnstætt meginreglum laga, að ákvæði 13. gr. framfærslulaganna verði látin verka þannig aftur fyrir sig, að því sveitarfélagi þar sem styrkþeginn átti lögheimili, er sjúkrahúsvistin hófst fyrir gildistöku framfærslulaganna, verði skylt að taka við framfærslunni eftir 1. janúar 1936, þá staðfestist úrskurður lögreglustjórans hér með.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar á Höfn í Hornafirði. 32 28. maí

Með skírskotun til bréfs ráðuneytisins til yðar, herra sýslumaður, dags. 13. þ. m., og bréfs yðar, dags. 20. s. m., um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Höfn í Hornafirði, skal yður tjáð, að samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905 eru hér með gerðar þær breytingar á takmörkum svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Höfn eftir tillögum sýslunefndar og uppdrætti, svo sem hér segir: Að norðan landmegin, takmarkist verzlunarlóðin af línu dreginni frá Svalbarðsveg vestur í framanvert Arfasker. Að öðru leyti séu takmörkin hin sömu og áður hafa verið ákveðin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti, sem fylgir hér með, verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem þau eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Látrum í Aðalvík. 33 8. júní

Með bréfi, dags. 11. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Látrum í Aðalvík ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Látrum í Aðalvík, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti svo sem hér segir:

1. Að sunnan og vestan stórstraumsflæðarmál frá Naustabala út fyrir svonefnda Bása utan við Látranæs.
2. Að norðan lína meðfram Látrafjalli frá Básun, dregin 150 faðma ofan við stórstraumsflæðarmál að heimatúngarðinum núverandi.
3. Að austan túngarðurinn niður í garðshornið og úr því bein lína í sunnanverðan Naustabala við sjóinn.